LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
Domus Medica – Egilsgötu 3 – 101 Reykjavík

Heilbrigðis- og tryggingnefnd neðri deildar Alþingis
Þorsteinn Magnússon, nefndaritari
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ/12/1111
komudagur 4/5 1990

Reykjavík, 3. maí 1990
88/90/HÞ/en

Umsögn stjórnar Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu - 501 mál Nd.

Frumvarpið fjallar um það nýmæli, að á svæðissjúkrahúsum, deildasjúkrahúsum og almennum sjúkrahúsum starfi trúnaðarmaður sjúklinga, í hlutastarfi eða fullu, og verði til taks að nóttu sem degi. Sérstaklega er tekið fram, að trúnaðarmaður skuli vera á öllum barna-, krabbameins- og gjörgæsludeildum. Trúnaðarmaður, sem vera skal hjúkrunarfræðingur að mennt, á að vera talsmaður sjúklinga og aðstandenda gagnvart sjúkrahúsum og heilbrigðisyfirvöldum, afla upplýsinga fyrir sjúklinga og aðstandendur og svara spurningum. Ennfremur efla samvinnu milli heilbrigðisstarfsmanna og sjúklinga og aðstandenda.

Ljóst er, að með þeim skamma fyrirvara sem veittur er til umsagnar (1 vika) gefst stjórn L.f. enginn kostur á að fjalla efnislega um frumvarpið, en vill þó drepa á eftirfarandi atriði, sem þarfnast nánari umræðu og athugunar:

1. Starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar telja sig fyrst og síðast vera trúnaðarmenn sjúklinga og aðstandenda þeirra og talsmenn þeirra inn á við og út á við. Verði ráðinn sérstakur trúnaðarmaður á heilbrigðisstofnanir þær, sem um ræðir, kynni það með tímanum að hafa í för með sér minnkandi upplýsingamiðlun til sjúklinga og aðstandenda almennt frá öðrum heilbrigðisstarfsmönnum.

2. Í læknalögum eru ákvæði um, að lækni beri að upplýsa sjúklinga og aðstandendur um ástand, meðferð og horfur. Litið er svo á, að með lögjöfnun gildi ákvæðið einnig fyrir aðrar heilbrigðisstéttir.

3. Flutningsmenn frumvarpsins hafa sennilega ekki gert sér grein fyrir því, að eigi trúnaðarmaður að vera til taks allan sólarhringinn, samsvarar það þremur starfsmönnum á sólarhring eða u.þ.b. 5 stöðugildum á hverjum stað miðað við 40 klst. vinnuviku. Leiða hugmyndir frumvarpsins þannig til allnokkurrar aukningar í mannahaldi sjúkrahúsa, ef framkvæmdar verða.

4. Ef til kæmi, eru engin rök fyrir því skilyrði, að trúnaðarmaður sé hjúkrunarfræðingur að mennt. Ljóst er, að starfsmenn úr öðrum heilbrigðisstéttum kunna að vera jafnvel til starfsins fallnir.

Stjórn Læknafélags Íslands leggur til, að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað, svo að umsagnaraðilum gefist tóm til að fjalla um hugmyndir þess og efnisþætti.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Haukur Þórðarson